Nr. 8.
2.
ágúst.

Auglysing

sem snertir

samning þann, er ýms ríki hafa gjört með sjer um vernd á hraðfrjettaþráðum, sem lagðir eru neðansævar.

Umboðsmenn þeirra stjórna, sem ritað hafa undir samning þann, er gefinn var út 14. marz 1884 um vernd á hraðfrjettaþráðum, sem lagðir eru neðansævar, hafa 1. desember 1886 gefið út svofelldan

Samning.

Undirritaðir umboðsmenn þeirra stjórna, sem ritað hafa undir samning þann, er gefinn var út 14. marz 1884 um vernd á hraðfrjettaþráðum, sem lagðir eru neðansævar, hafa fundið til þess, að hentugt væri að ákveða nákvæmar hugsun orðanna í 2. og 4. gr. samningsins, og hafa því orðið ásáttir um að gefa út svofelldan samning:

Þareð það hefur valdið nokkrum vafa, hvernig skilja eigi orðin: „af ásettu ráði“ í samningnum 14. marz 1884, 2. gr., hafa menn orðið ásáttir um, að hegningarákvæðin í nefndri grein skuli ekki eiga við þá, er brot eður skemmd verður af tilviljun eður orsakast með nauðsyn við aðgerð á þræði, ef gjörðar hafa verið allar ráðstafanir til þess að komast hjá slíku broti eða skemmd.

Menn hafa og orðið ásáttir um, að 4. gr. samningsins hafi hvorki haft annað mark og mið nje skuli hafa aðra verkun í för um sjer en þá, að fela dómstólum hvers lands, er þess eru um komnir, að dæma um það, eptir því sem lög þeirra segja fyrir og atvik eru til, hvort ábyrgð til skaðabóta hvíli á eiganda, sem með lagning eður aðgerð á eignum frjettaþræði veldur broti eður skemmd á öðrum, og ef svo er, hverjar sjeu afleiðingar þessarar ábyrgðar.

Gefið út í París 1. desember 1886 og fyrir Þýzkaland 23. marz 1887.

Moltke Hvitfeldt. Münster. José C. Paz. Goluchowski. Beyens.
Arinos. R. Fernandez. Emanuel de Almeda. J. Luis Albareda. Mc. Lane.
C. de Freycinet. Lyons. Crisanto Medina. N. Delyannis. Menabrea. Hara.
Essad. A. de Stuers. Grev de Valbom. V. Alecsandri. Kotzebue.
E. Pector. I. Marinovitch. C. Lewenhaupt. Juan I. Diaz.

Nr. 8. Auglýsing, sem snertir samning um vernd á hraðfrjettaþráðum.

Bekjendtgjørelse

Nr. 8.
2den
August.

vedrørende

den internationale Konvention angaaende underſøiſke Telegrafkablers Beſkyttelſe.

Under 1ſte December 1886 er der af de Befuldmægtigede for de Regjeringer, der have undertegnet Konventionen af 14de Marts 1884 angaaende underſøiſke Telegrafkablers Beſkyttelſe, blevet udfærdiget følgende:

Deklaration.

Undertegnede Befuldmægtigede for de Regjeringer, der have undertegnet Konventionen af 14de Marts 1884, angaaende underſøiſke Telegrafkablers Beſkyttelſe, ere i Erkjendelſen af Nytten af nærmere at beſtemme Meningen af Udtrykkene i nævnte Konventions Artikler 2 og 4 komne overens om følgende Deklaration:

Da der er opſtaaet viſſe Tvivl angaaende Forſtaaelſen af Ordet „forſætligt" i Artikel 2 i Konventionen af 14de Marts 1884, er det aftalt, at den i nævnte Artikel indeholdte Beſtemmelſe om Strafanſvar ikke har Anvendelſe paa de Brud eller Beſkadigelſer, der tilfældigvis eller nødvendigvis bevirkes ved Iſtandſættelſe af et Kabel, forſaavidt alle Forholdsregler ere trufne for at undgaa diſſe Brud eller Beſkadigelſer.

Det er ligeledes aftalt, at Artikel 4 i Konventionen ikke har havt andet Formaal og ikke ſkal have anden Virkning end at paalægge hvert Lands kompetente Domſtole at afgjøre, overensſtemmende med deres Love og efter Tilfældets Beſkaffenhed, Spørgsmaalet om det civilretlige Anſvar for den Kabelejer, ſom ved Lægning eller Iſtandſættelſe af ſit Kabel, foranlediger Brud eller Beſkadigelſe af et andet Kabel, ligeſaavel ſom Følgerne af dette Anſvar, naar det befindes at være tilſtede.

Udfærdiget i Paris den 1ſte December 1886 og for Tydſklands Vedkommende den 23de Marts 1887.

(undert.)

Moltke Hvitfeldt. Münſter. Joſé C. Paz. Goluchowſki. Beyens. Arinos. R. Fernandez. Emanuel de Almeda. J. Luis Albareda. Mc. Lane. C. de Freycinet. Lyons. Criſanto Medina. N. Delyannis. Menabrea. Hara. Esſad. A. de Stuers. Grev de Valbom. V. Alecſandri. Kotzebue. E. Pector. J. Marinovitch. C. Lewenhaupt. Juan J. Diaz.

Nr. 8. 2. ágúst.

Ennfremur hafa umboðsmenn nefndra stjórna 7. júlí 1887 gjört svotellda

Fundarlokaskrá.

Undirritaðir umboðsmenn þeirra stjórna, sem hafa ritað undir samning þann, er gefinn var út 14. marz 1884, um vernd á hraðfrjettaþráðum, sem lagðir eru neðansævar, hafa komið saman í París til þess, samkvæmt 16. gr. samningsins, að til taka, hvenær hann skuli öðlast gildi, og hafa þeir orðið ásáttir um það, er á eptir fer.

I. Samningur sá, er ýms ríki hafa gjört með sjer 14. marz 1884 um vernd á hraðfrjettaþráðum, sem lagðir eru neðansævar, öðlast gildi 1. maí 1888, þó því að eins, að stjórnir þær, er verið hafa með í samningnum og eru enn þá ekki búnar að gjöra þær ráðstafanir, er getur um í 12. gr., hafi fyrir þann dag fullnægt ákvæðum þessarar greinar.

II. Stjórn Frakklands skýrir stjórnum hinna annara ríkja, er að samningnum standa, frá þeim ráðstöfunum, er áður greind ríki kunna að gjöra til að fullnægja 12. greininni, og hefur hún vald til að rannsaka innihald þessara ráðstafana.

III. Stjórn hins franska þjóðveldis hefur og vald til að rannsaka þau laga-ákvæði eða fyrirskipanir, sem þau ríki, er eigi hafa tekið þátt í samningnum, en vilja nota það leyfi, sem 14. gr, veitir þeim til þess að ganga að honum, kunna að gjöra, að því er þeirra lönd snertir, til þess að fullnægja 12. grein samningsins.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir umboðsmenn gjört ofanritaða fundarlokaskrá, sem ber að álíta sem áfastan hluta af millumríkjasamningum 14. marz 1884.

Gefið út í París 7. júlí 1888.

Moltke Hvitfeldt. Leyden. José C. Paz. Hoyos. Beyens. Arinos. Manuel M. de Peralta. Emanuel de Almeda. Flourens. Albareda. Mc. Lane. Lyons. Crisanto Medina. N. Delyannis. Menabrea. Hara. Missak. A. de Stuers. Grev de Valbom. V. Alecsandri. N. de Giers. I. F. Medina. I. Marinovitch. C. Lewenhaupt. Juan I. Diaz.

Samkvæmt auglýsing frá stjórnarráði Íslands 20. apríl 1886 gjörist ennfremur hjermeð öllum kunnugt, að samningur sá, sem ýms ríki hafa gjört með sjer 14. marz 1884, um vernd á hraðfrjettaþráðum neðansævar, hefur öðlazt gildi 1. maí þ. á.

Í stjórnarráði Íslands, 2. ágúst 1888.

J. Nellemann.

A. Dybdal.

Endvidere er der under 7de Juli 1887 af de samme Regjeringers Befuldmægtigede blevet udfærdiget følgende: Nr. 8. 2den August.

Slutningsprotokol.

Undertegnede Befuldmægtigede for de Regjeringer, der have undertegnet Konventionen af 14de Marts 1884 angaaende underſøiſke Telegrafkablers Beſkyttelſe, ere, efter at være komne ſammen i Paris, for, overensſtemmende med Artikel 16 i denne internationale Akt, at beſtemme Dagen for Konventionens Ikrafttræden, komne overens om Følgende:

I. Den internationale Konvention af 14de Marts 1884 angaaende underſøiſke Telegrafkablers Beſkyttelſe ſkal træde i Kraft den 1ſte Maj 1888, dog paa Betingelſe af, at de af de kontraherende Regjeringer, ſom endnu ikke have vedtaget de i Konventionens Artikel 12 foreſkrevne Forholdsregler, inden nævnte Dag have opfyldt denne Beſtemmelſe.

II. De Forholdsregler, ſom de nævnte Stater maatte vedtage til Gjennemførelſe af forannævnte Artikel 12, ſkulle meddeles de øvrige kontraherende Magter gjennem den franſke Regjering, der er bemyndiget til at underſøge deres Indhold.

III. Den franſke Republiks Regjering er ligeledes bemyndiget til at underſøge de Lovbeſtemmelſer eller anordningsmæſſige Forholdsregler, ſom i Overensſtemmelſe med Artikel 12 maatte blive vedtagne, for deres reſpektive Landes Vedkommende, af de Stater, ſom ikke have taget Del i Konventionen, og ſom ønſke at benytte ſig af Adgangen til at tiltræde den overensſtemmende med Artikel 14.

Til Bekræftelſe heraf have de undertegnede Befuldmægtigede affattet nærværende Slutningsprotokol, der ſkal betragtes ſom en integrerende Del af den internationale Konvention af 14de Marts 1884.

Udfærdiget i Paris, den 7de Juli 1887.

(undert.)

Moltke Hvitfeldt. Leyden. José C. Paz. Hoyos. Beyens. Arinos Manuel M. de Peralta. Emanuel de Almeda. Flourens. Albareda. Mc. Lane. Lyons. Criſanto Medina. N. Delyannis. Menabrea. Hara. Miſſak. A. de Stuers. Grev de Valbom. V. Alecſandri. N. de Giers. J. F. Medina. J. Marinovitch. C. Lewenhaupt. Juan J. Diaz.

I Henhold til Miniſteriet for Islands Bekjendtgjørelſe af 20de April 1886 bringes herved endvidere til almindelig Kundſkab, at den internationale Konvention af 14de Marts 1884 angaaende underſøiſke Telegrafkablers Beſkyttelſe er traadt i Kraft den 1ſte Maj d. A.

Miniſteriet for Island, den 2den Auguſt 1888.

J. Nellemann.

A. Dybdal.